

## Fjárhagsáætlun 2009 – fyrri umræða

### Greinargerð með fjárhagsáætlun 2009

*stefnuræða/greinargerð bæjarstjóra við fyrri umræðu*

#### I. Inngangur.

Frumvarp fjárhagsáætlunar fyrir árið 2009 er hér lagt fram til fyrri umræðu 22. janúar 2009 en áætlað er að seinni umræða verði 5. febrúar n.k. Upphaflegt vinnuþáttgerð ráð fyrir síðari umræðu 11. desember en af tveimur meginástæðum breyttist það. Önnur ástæðan er banka- og kerfishrun hér á landi og síðari ástæðan er algjör endurnýjun fjárhagsbókhalds og áætlanagerfis sem hefur tekið langan tíma að innleiða.

3ja ára áætlunin verður lögð fram í bæjarráði og síðan vísað til umræðu í bæjarstjórn. Áætlað var að afgreiða 3ja ára áætlun samhliða fjárhagsáætlun en það hefur ekki reynst gerlegt af tæknilegum ástæðum að þessu sinni.

Um framkvæmdahlið núgildandi 3ja ára áætlunar má segja að hún gildir ekki lengur því vegna tekjulækkunar af völdum efnahagskreppunnar snýst áætlanagerð fyrst og fremst um að laga reksturinn að nýjum aðstæðum.

Fjárhagsáætlunin er nú lögð fram mánuði síðar en venjan er. Lög gera ráð fyrir að afgangi áætlunarinnar sé almennt lokið fyrir júl. Sveitarfélögum ber samkvæmt sveitarstjórnarlögum að ljúka gerð fjárhagsáætlunar fyrir lok desembermánaðar og þriggja ára áætlun innan tveggja mánaða frá afgangi áætlunar.

Sökum óvenjulegra aðstæðna í þjóðfélaginu í kjölfar banka- og kerfishruns frestaðist vinna við fjárhagsáætlun og var í raun gert ráð fyrir því í ráðuneyti sveitarstjórnarmála sem sendi bréf til sveitarfélaga þar sem sagt var frá því að gefinn yrði viðbótarfrestur væri óskað eftir því af hálfu viðkomandi sveitarfélaga. Óskað var eftir því af hálfu Ísafjarðarbæjar og samþykkt á fundi bæjarstjórnar í desember útgjaldaheimild fyrir janúar 2009.

Fjárhagsáætlunin hefur verið nokkuð langan tíma í vinnslu. Samstarf hefur verið milli meiri- og minnihluta um gerð hennar og helstu forsendur. Var það niðurstaða oddvita flokkanna þriggja sem mynda bæjarstjórn, strax í október sl., að vinna sem mest saman við þær aðstæður sem nú er við að glíma. Við þurfum á öllum okkar kröftum að halda í þeirri vinnu. Samstarfið hefur að mínu mati gengið alveg ágætlega og vil ég þakka oddvitum hinna flokkanna fyrir samstarfið sem og bæjarráðinu öllu. Þá vil ég þakka starfsfólki Ísafjarðarbæjar sérstaklega fyrir þá vinnu sem það hefur lagt í áætlunina.

Við erum að reyna fyrir okkur með önnur vinnubrögð en tíðkast hafa og tekur það eflaust eitthvað lengri tíma en áður þó það sé ekki aðalástæðan fyrir því hversu langan tíma þetta hefur tekið. Ástæður þess hafa verið raktar hér fyrir.

Það er mikil breyting á útliti fjárhagsáætlunar frá því sem við höfum átt að venjast. Ástæðan er sú að nú er áætlunin unnin inni í fjárhagskerfinu en var áður unnin í Excel. Við bindum miklar vonir við þessi nýju vinnubrögð en sjáum jafnframt að það mun taka okkur nokkurn tíma til viðbótar að framkvæma breytinguna. Það fjárhagskerfi sem nú hefur verið tekið í notkun mun spara okkur sporin þegar fram í sækir og upplýsingagjöf úr því verður auðveldari en verið hefur til þessa. Þrátt fyrir ítarlega villuleit og yfirlestur mun þurfa að gera leiðréttingar á framlögðu frumvarpi. Við vonumst til þess að geta leiðrétt sem mest milli fyrri og síðari umræðu í bæjarstjórn. Annað verður að leiðrétta við 3ja mánaða endurskoðun fjárhagsáætlunar í apríl. Vegna óvissu um hvort forsendur standast verður fjárhagsáætlunin endurskoðuð á 3ja mánaða fresti.

## Fjárhagsáætlun 2009 – fyrri umræða

Áætlunin er lögð fram til fyrri umræðu með 1,4 m.kr. tekjuafgang þegar aðalsjóður og B-hluta sjóðir eru lagðir saman í samstæðureikningi. Veltufé frá rekstri í samstæðu er jákvætt um 257 m.kr. Þannig skilar reksturinn fjármagni þó tekjur og gjöld standist nánast á enda eru afskriftir 190 m.kr., verðbætur og gengismunur 120 m.kr. og breyting lífeyrisskuldbindinga 90 m.kr. Alls 400 m.kr. sem eru reiknaðar stærðir í rekstrareikningi.

Forsendur fyrir þessari niðurstöðu eru þær að reiknað er áfram með verðbólgu um 15% og að krónan styrkist þannig að erlend lán lækki á árinu 2009 eftir gríðarlega hækkun 2008. Er þar af leiðandi reiknað með gengishagnaði af erlendum lánum.

Þá er hagræðingarkrafa að upphæð 201 m.kr. inni í forsendum frumvarpsins og er gefinn frestur til 15. febrúar n.k. til að útfæra hagræðingarkröfuna og leggja fram leiðir til hagræðingar í bæjarráði.

### Sundurliðað rekstraryfirlit:

Við yfirllestur sundurliðunar má sjá að sumir liðir hafa ekki verið uppreiknaðir á milli ára. Dæmi um slíkt eru millifærslur vegna innri viðskipta og leiga Eignarsjóðs, en það hefur ekki áhrif á heildarniðurstöðuna, en getur haft áhrif á samanburð milli ára, t.d. sýnt meiri brúttó tekjuaukningu en eðlilegt er. Verður þetta yfirfarið með endurskoðanda bæjarins á milli umræðna.

Þá hafa sumir liðir verið sameinaðir frá því í áætlun 2008. Tryggingagjald er t.d. fært með öðrum launatengdum gjöldum. Bifreiðastyrki, ferðakostnað, námskeiðs- og ráðstefnugjöld þarf að yfirfara betur milli umræðna. Sama gildir um kerfisfræðiaðstoð og allan slíkan kostnað. Markmiðið er að samræma þessa kostnaðarliði betur og auka yfirsýn.

Sundurliða þarf betur liðinn 05-89-9951 sem er að upphæð 19,2 m.kr. en inni í þeim lið eru framlög til ýmissa samstarfsverkefna. Inn í þeim lið eru 1,2 m.kr. sem eru styrkir menningarmálanefndar, 1,5 m.kr. rekstrarframlag til Náttúrustofu, 10,5 m.kr. til Edinborgarhúss og 6 m.kr. til Menningarráðs Vestfjarða.

## II. Meginforsendur áætlunar 2008.

### Rammi um fjárhagsáætlun.

Helstu viðmiðanir eru fengnar af fundum með bæjarráði í vinnuferlinu. Þann 16. desember sl. samþykkti bæjarráð eftirfarandi ramma utan um helstu aðgerðir:

- **Sökum óvissu verði endurskoðun fjárhagsáætlunar á 3ja mán. fresti, sú fyrsta í byrjun apríl. Ákvarðanir um gjaldskrár verða einnig endurskoðaðar á 3ja mán. fresti.**
- Þegar talað er um verðbótahækkun er það viðmiðun sem er ákveðin af bæjarráði. Hér er miðað við 8% vegna verðbótahækkana gjaldskráa.
- Meðalvísitöluhækkun verðlags er áætluð 13%. Miðað er við að bundnir kostnaðarliðir eins og útgjöld skv. samningum (Dæmi: almenningsakstur, sorphirða), hiti og rafmagn verði reiknaðir upp. Laun og launatengd gjöld verða reiknuð skv. kjarasamningum.
- Rekstur og skipulag allra stofnana og deilda Ísafjarðarbæjar verður tekinn til endurskoðunar á fyrstu vikum ársins 2009, með það að markmiði að kanna leiðir til enn frekari hagræðingar og sparnaðar.
- Forstöðumenn leiti leiða til að hagræða í rekstrinum þannig að óbundnir liðir hækki ekki með vísitöluhækkun og tillögur þeirra í þeim efnun hljóti samþykki sviðsstjóra fyrir framlagningu fjárhagsáætlunar. Með öðrum orðum verða óbundnir liðir óbreyttir frá fjárhagsáætlun 2008 en forstöðumenn beðnir að segja til um tilfærslu á liðum ef þeir telja þörf á því.

## Fjárhagsáætlun 2009 – fyrri umræða

- Einnig þurfa þeir að leggja fram tillögur um aðra hagræðingu ef hún er möguleg í launakostnaði, hita og rafmagni og hverju því sem getur lækkað rekstrarkostnað.
- Stefnt er að því að hlutfall veltufjár frá rekstri verði jákvætt þannig að ekki þurfi að taka lán fyrir rekstri.
- Samdrætti í tekjum verði mætt með sparnaði og hagræðingu í rekstri stofnana og þjónustustig rekstrareininga endurskoðað.
- Innkaup önnur en nauðsynlegar rekstrarvörur verða óheimil nema með sérstöku leyfi sviðsstjóra / bæjarstjóra.
- Fram fari á fyrsta ársfjórðungi fagleg endurskoðun á vettvangi fræðslunefndar á skólastarfi fyrir skólaárið 2009 – 2010 með það að í huga að hagræða í skólastarfi án þess að skerða lögbundna kennslu.
- Skólaakstur verði endurskoðaður af Skóla- og fjölskylduskrifstofu og fræðslunefnd og tillögum skilað inn í fjárhagsáætlun.
- Ýmsir styrkir og framlög, önnur en í grunnþjónustu, verða endurskoðuð og lækkuð árið 2009 til að mæta þyngri rekstri. Framkvæmt af bæjarritara og skilað inn í fjárhagsáætlun.
- Óskað verður eftir endurskoðun á samningi um framlög til íþrótt- og æskulýðsmála í samstarfi við HSV með þá forsendu að leiðarljósi að hagræðing í rekstri komi ekki niður á ástundun íþróttar. Stefnt að 10% lækkun. Framkvæmt af íþrótt- og tómsfundafulltrúa og tillögum skilað inn í fjárhagsáætlun.
- Viðræður verði teknar upp við HSV um betri nýtingu íþróttamannvirkja. Framkvæmt af íþrótt- og tómsfundafulltrúa.
- Hagrætt verði í rekstri íþróttamannvirkja, m.a. með því að draga úr opnunartíma þeirra. Leitast verði við að það komi sem minnst niður á notkun. Framkvæmt af umsjónarmanni eigna hjá Eignasjóði með aðild íþrótt- og tómsfundafulltrúa og tillögum skilað inn í fjárhagsáætlun.
- Rekstur Fasteigna Ísafjarðarbæjar verði endurskoðaður og stefnt að samrekstri og jafnvel sameiningu Fastís og Eignasjóðs Ísafjarðarbæjar með hagræðingu í huga. Framkvæmt af bæjarstjóra og tillögum skilað inn í fjárhagsáætlun.
- Framlag til Tónlistarskóla verði lækkað um 10% vegna skólaársins 2009-2010. Fer í vinnslu á Skóla- og fjölskylduskrifstofu og Tónlistarskóla Ísafjarðar.
- Rekstur Upplýsingamiðstöðvar ferðamála og Markaðsstofu verði skorinn niður sem kostur er með hagræðingu og betri samnýtingu í huga. Framkvæmt af bæjarstjóra og tillögum skilað inn í fjárhagsáætlun.
- Leitað verði eftir samkomulagi við Gámaþjónustu Vestfjarða um endurskoðun samninga vegna breytinga á fyrirkomulagi sorphirðu til að ná fram sparnaði í rekstri. Framkvæmt af bæjartæknifræðingi og nefnd um endurskoðun sormála.
- Leitað verði eftir samkomulagi við verktaka sem sér um almenningssamgöngur um endurskoðun samnings til að ná fram sparnaði í rekstri. Einnig verði samið um greiðslu vegna gjaldfrjálsra almenningssamgangna. Framkvæmt af bæjartæknifræðingi og bæjarritara og tillögum skilað inn í fjárhagsáætlun.
- Verkefni fyrirhugaðrar jafnréttisnefndar verði falin félagsmálanefnd.
- Laun bæjarfulltrúa og fulltrúa í nefndum verði áfram bundin þingfararlaunum og lækki í samræmi við ákvörðun um lækkun þeirra.
- Laun til bæjarfulltrúa og nefnda lækki jafnframt á árinu vegna fækkunar funda. Miðað er við að nefndir fækki fundum sínum eftir því sem mögulegt er og að bæjarráð fundi ekki í sömu viku og bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Bæjarstjórnarfundum verði fækkað úr 20 í 15-16 en þó skv. frekari ákvörðun bæjarstjórnar.
- Forstöðumönnum er falið að koma með tillögur um samdrátt í yfirvinnu um 10%. Hver og einn vinni áætlun um að ná þessu markmiði.

## Fjárhagsáætlun 2009 – fyrri umræða

- Leitað verði eftir samkomulagi við stjórnendur að laun þeirra lækki vegna ársins 2009. Lækkunin verði útfærð í samráði við stjórnendur þannig að engin lækkun verði á heildarlaun 350.000 kr. eða lægri. Á launabilinu 350.000 kr. – 500.000 kr. verði lækkunin 3%. Á launabilinu 500.000 kr. og hærra 4%.
- Samningar um akstur verði endurskoðaðir. Dreigið verður úr akstri starfsmanna á eigin bílum en í staðinn verður bíll til staðar fyrir starfsmenn. Með þessu verði aksturskostnaður lækkaður. Framkvæmt af bæjarstjóra og bæjarritara og tillögum skilað inn í fjárhagsáætlun.
- Rekstur slökkviliðs, mönnun bakvakta og samningur um sjúkraflutninga við ríkið verði endurskoðað.

### Nokkur stefnumarkandi atriði samandregin:

Skýrar reglur eru um framkvæmd fjárhagsáætlunar. Forstöðumönnum deilda og sviðsstjórum er óheimilt að skuldbinda sveitarfélagið til útgjalda umfram fjárhagsáætlun nema fyrir liggi samþykki bæjarráðs til þeirrar útgjaldaaukningar. Reglur um framkvæmd fjárhagsáætlunar verða í greinargerð með endanlegri útgáfu hennar að venju. Sviðsstjórar eiga að tilkynna breytingar í rekstri á sviðsstjórafundum svo samstundis sé hægt að bregðast við og fara með málið fyrir bæjarráð þygi sýnt að fjárhagsáætlun standist ekki. Er lögð sérstök áhersla á þetta við þær aðstæður sem nú eru. Gæta þarf mikils aðhalds við allan rekstur.

Gert er ráð fyrir því að almenningssamgöngur innan Ísafjarðarbæjar verði áfram gjaldfrjálssar fyrir alla farþega eins og á árinu 2008. Unnið er að endurskoðun á málaflokknum og hagræðingar leitað og skoðað hvort gjaldfrelsi verður áfram. Til greina kemur að fækka ferðum innan Skutulsfjarðar

Áfram verður gjaldfrjálst í sund fyrir börn upp að 16 ára aldri enda hefur það jákvæð áhrif bæði á hreyfingu og heilsu og reynslan er sú á árunum 2007 og 2008 að tekjur á sundstöðum dragast ekki saman heldur aukast frekar.

Horft er til byggingar á nýju hjúkrunarheimili og áhersla lögð á að ná samningum við ríkisvaldið um slíkan rekstur. Stefna Ísafjarðabæjar er að efla áfram samstarf um heimahjúkrun og heimaþjónustu og vera í fararbroddi í þjónustu við eldri borgara.

Heimild verður eins og áður til almennrar eignasölu, að undangengnu samþykki bæjarstjórnar hverju sinni.

- **Tekjuáætlun.**  
Álagningarhlutfall útsvars verði 13,28% en var 13,03%. Með lögum heimilaði Alþingi hækkun útsvars um 0,25%. Um raunlækkun útsvars er að ræða milli ára. Reiknað hækkun á framlögum Jöfnunarsjóðs frá fjárhagsáætlun 2008 en lækkun frá endanlegu framlagi á árinu 2008.  
Reiknað verði með 90 m.kr. tekjum vegna aukaframlags Jöfnunarsjóðs.
- Álagningarhlutfall fasteignaskatts er óbreytt en mat á fjölbýli lækkar um 5%, um 10% á sumarbústaði en hækkar um 5% á annað. Lítil breyting verður á fjárhæð fasteignaskatts á milli ára. Fasteignaskattur A-flokkur, íbúðarhúsnæði 0,41% í B-flokki ríkissjóður 1,32% og í C-flokki lögaðilar 1,6% af fasteignamati.
- Lóðarleiga á íbúðarhúsnæði 1,8% og lóðarleiga á annað húsnæði 3% af fasteignamati.
- Vatnsgjald 0,26% og holræsagjald 0,3% af fasteignamati.
- Sorphirða og sorphreinsunargjald á íbúðir og lögaðila verði ekki hækkað eins og árin á undan nema sem svarar verðbótahækkun 8%. Gjaldið á íbúð verður 37.800 kr.
- Leikskólagjöld hækki ekki að svo stöddu þrátt fyrir verðlagshækkunir.

## **Fjárhagsáætlun 2009 – fyrri umræða**

- Reglur vegna lækkunar á fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega verði óbreyttar enda hafa þær tryggt afslátt hjá þessum hópi. Afslátturinn tryggir að verðbótahækkun á sorphirðu- og sorphreinsunargjaldi hafi ekki áhrif á þennan hóp.

### **Gjaldaáætlun.**

Launakostnaður er sem fyrr stærsti einstaki útgjaldaliður rekstrar, þá vöru- og þjónustukaup, ýmsar millifærslur og aðrar tilfærslur og loks fjármagnskostnaður sem eykst verulega vegna hárrar verðbólgu og óhagstæðrar gengisskráningar.

Hagræðingarkrafa að upphæð 201 m.kr. þarf að vera útfærð af hálfu stjórnsýslunnar og lögð fyrir bæjarráð eigi síðar en 15. febrúar.

### **Gjaldskrár.**

Farið er yfir forsendur gjaldskrár í ramma um fjárhagsáætlun. Frávik eru frá þeirri stefnu, t.d. í tillögu að gjaldskrá hafnanna. Tillögur að gjaldskrám eru í frumvarpinu.

### **Framsetning fjárhagsáætlunar.**

Fjárhagsáætlun 2009 verður gefin út í samræmi við bókhaldslykil reikningsskila- og upplýsinganefndar sbr. reglugerð nr. 944/2000 með síðari breytingum og auglýsingu nr. 945/2004. Það felst m.a. í að tekjur og gjöld, eignir og skuldir eru flokkaðar í A- og B-hluta í fjárhagsáætluninni.

Í A-hluta er aðalsjóður sveitarfélagsins og stofnanir er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð af skatttekjum.

Í B-hluta eru stofnanir sveitarfélagsins sem eru í eigu sveitarfélagsins en eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Í endanlegri útgáfu fjárhagsáætlunarinnar verður efnahagsreikningur birtur þar sem tekið er tillit til breytinga sem kunna að vera gerðar á frumvarpinu á milli umræðna.

Stefnuræður/greinargerðir bæjarstjóra við fyrri og síðari umræðu verða birtar en þar er ítarlega gerð grein fyrir ákvörðunum sem liggja að baki ýmsum tölulegum gildum. Ennfremur verða birtar leiðbeiningar og verklagsreglur sem tryggja að ákvarðanir sem teknar eru með samþykkt fjárhagsáætlunar ársins komist í framkvæmd.

## **III. Einstakir málaflokkar.**

### Málaflokkar bæjarsjóðs og stofnanir bæjarins.

#### **02 Félagsþjónusta.**

Farið verður í endurskoðun á þjónustu á Hlíf I og II m.t.t. liðarins þátttaka í rekstri og almennrar hagræðingar. Sótt verður um fjögur dagvistarpláss á Hlíf, tvö fyrir einstaklinga með heilabilun s.s. Alzheimers og tvö almenn dagvistarpláss. Dagvistarplássin á Hlíf eru átta í dag. Í framhaldi af ákvörðun bæjarstjórnar um að taka ekki við fleirum á Þjónustudeild Hlífar þarf að taka ákvörðun um framtíð Þjónustudeildarinnar.

Gjaldskrá vegna sálfræðiþjónustu verður hækkuð úr kr. 7.000,- í kr. 8.235,- sem er raunkostnaður. Íbúum sveitarfélagsins verður gefinn 15% afsláttur á hvern tíma þannig að gjaldskráin til þeirra hækkar ekki frá árinu 2008. Íbúum annarra sveitarfélaga verði ekki gefinn kostur á slíkum afslætti. Farið verður í endurskoðun á gjaldskrá félagslegrar heimþjónustu og viðmiðunarfjárhæðir vegna gjaldtökkunnar endurskoðaðar. Jafnframt verður

## **Fjárhagsáætlun 2009 – fyrri umræða**

samningur um akstursþjónustu aldraðra og fatlaðra endurskoðaður, samningur við Efnalaugin Albert endurskoðaður og leitað allra leiða til hagræðingar.

### **04 Fræðslu- og uppeldismál.**

Fræðslumálin eru útgjaldamesti málaflokkur sveitarfélagsins og hækkar kostnaður á milli ára. Gert er ráð fyrir að nettó upphæð til rekstrar nemi 1.058 m.kr. árið 2009 borið saman við 883 m.kr. sem áætlað er 2008 eða um 175 m.kr. sem er um 20% hækkun milli ára. Hækkun leigu Eignarsjóðs er ekki inni í þessari hækkun.

Gengið er út frá því að kennslustundaúthlutun verði áfram eftir gildandi reglum en dregið úr þjónustu þar sem hægt er. T.d. er lagt til að engin aukaverkefni verði unnin s.s. pólskukennsla og hljóðfærakennsla. Allur skólaakstur verður endurskoðaður með hagræðingu að markmiði. Gætt var samræmis á milli skóla við gerð fjárhagsáætlunar. Framlag til endurmenntunar lækkað tímabundið. Eins og segir í ramma um fjárhagsáætlun verður farið í faglega endurskoðun á skólastarfinu með hagræðingu í huga án þess að skerða lögbundna kennslu. Hjá leikskólum var einnig farið sérstaklega yfir rekstrarliði leikskólanna, þeir bornir saman og gætt samræmis. Tímabundið verður fundum leikskólastjóra fækkað úr ellefu í fimm. Leikskólagjöld hækka ekki en fæðisgjöld hækka um 10%. Framlag til tónlistarskóla er lækkað um 10%.

Taxtar dagvistunargjalda fyrir leikskóla hafa ekki hækkað frá gjaldskrá í febrúar 2005 og voru lækkuð um 10% frá og með 1. janúar 2008. Þar að auki eru 4 klst. gjaldfrjálsar fyrir 5 ára börn. Þá er afsláttarkerfið þannig að 30% systkinaafsláttur er með öðru barni og frítt fyrir þriðja barn. Afslátturinn gildir milli dagvistunaraðila og skólastiga þannig að ef eitt systkini er hjá dagmóður, eitt í leikskóla og eitt í lengdri viðveru í grunnskóla virkar afsláttarkerfið þar á milli.

Gert er ráð fyrir að framlag til Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar verði óbreytt á milli ára.

### **05 Menningarmál.**

Rekstur málaflokksins lækkar á milli ára enda gert ráð fyrir lækkun framlaga og aðhald aukið þar sem talinn er möguleiki á lækkun rekstrarkostnaðar.

### **06 Æskulýðs- og íþróttamál.**

Kostnaður við málaflokkinn hækkar á milli ára þrátt fyrir að íþrótt- og tómskundafulltrúi hafi unnið að hagræðingu í málaflokknum í samvinnu við HSV sem skilar sér í lækkun framlags bæjarins en hefur þó ekki skerðandi áhrif á þjónustu við börn. Unnið er að skipulagningu vinnuskólans með það að markmiði að uppeldishlutverk hans eflist og komið verði til móts við atvinnuþörf, sem mjög líklega verður mun meiri en s.l. sumar. Í því augnamiði verður skoðað hvort ekki sé grundvöllur til að reka starfsemi fyrir sautján ára börn en það gæti haft í för með sér lækkun á kostnaði t.d. við slátt.

Það er stefnt að því að ná sparnaði í íþróttamannvirkjum með samnýtingu stöðugilda og skertum opnunartíma. Með samnýtingu stöðugilda næst rúmlega 10 m. kr. lækkun kostnaðar. Í tillögunum er miðað við eftirfarandi opnunartíma sem byggir á tillögu íþrótt- og tómskundanevndar:

Ísafjörður: Styttu opnunartíma um helgar um eina klst. hvorn dag

Flateyri: Styttu opnunartíma á virkum dögum, loka tvo virka daga, og loka annað hvort laugardag eða sunnudag.

Suðureyri: Styttu opnunartíma, loka tvo virka daga og styttu opnunartíma um helgar

Þingeyri: Styttu opnunartíma og loka annað hvort laugardag eða sunnudag.

## **Fjárhagsáætlun 2009 – fyrri umræða**

Útfærsla á opnun verður út frá mætingartölum í mannvirkin. Hagræðing næst með tilfærslu stöðugilda milli mannvirkja.

### **07 Brunamál og almannavarnir.**

Semja þarf um sjúkraflutninga á þessu ári og er gert ráð fyrir hækkun frá fyrri samningi. Gert er ráð fyrir 4 % hækkun á málaflokknum sem er þó lækkun um 8% ef miðað er við vísitöluhækkun. Á árinu er gert ráð fyrir að ræða samstarf við Bolungarvík um samvinnu í þessum málaflokki til hagræðis fyrir bæði sveitarfélögin. Rekstur slökkviliðs endurskoðaður frá grunni í samræmi við ramma um fjárhagsáætlun.

Samningur um sjúkraflutninga verður endurskoðaður í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar.

### **08 Hreinlætismál.**

Gert er ráð fyrir að töluverðri breytingu frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir að sorpgjöld heimila og fyrirtækja hækki um 8 %, álagning á heimili verður því 37.800 kr.

Á árinu 2009 verður skoðaður möguleiki á því að fækka sorphirðudögum frá því að vera einu sinni í viku í 10 – 14 daga fresti. Þá verða íbúar hvattir til að flokka pappír, fernur og aðrar umbúðir frá heimilissorpinu og setja í svokallaða grenndargáma. Með þessu móti er hægt að ná endurgjaldi frá Úrvinnslusjóði. Þá er hugmynd til umræðu um að loka gámasvæðum á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri og þess í stað verða haldnir hreinsunardagar nokkrum sinnum á ári. Með þessu móti verður hægt að ná mun betri flokkun á sorpi en verið hefur.

Samningur Ísafjarðarbæjar við Gámaþjónustu Vestfjarða verður endurskoðaður.

Sérstök nefnd er að störfum um sorpmál í Ísafjarðarbæ og mun hún skila tillögum á næstunni.

### **09 Skipulags- og byggingarmál.**

Gert er ráð fyrir að þessi málaflokkur lækki verulega milli ári og munar þar mestu um aðalskipulag Ísafjarðarbæjar sem mun ljúka á árinu svo og að greiðslur frá Skipulagssjóði falla að mestu til á þessu ári.

### **10 Umferðar- og samgöngumál.**

Lækkun verður í þessum málaflokki á milli ári, kostnaður við almenningssamgöngur hækkar í samræmi við vísitölu. Gert er ráð fyrir lækkun í snjómokstri og viðhaldi gatna.

Framkvæmdaþörf í málaflokknum er gríðarleg því halda þarf áfram endurgerð gatna og gangstétta í Ísafjarðarbæ. Sökum aðstæðna verður að fresta slíkum framkvæmdum að sinni.

### **11 Umhverfismál.**

Engin kostnaðarbreyting verður á þessum málaflokki milli ára, samningur um slátt opinna svæða er fallinn úr gildi og er gert ráð fyrir útboði nú í vetur. Gerð verður breyting á fyrirkomulaginu þannig að vinnuskólinn mun sjá um slátt með sláttuorfum og verktaki mun þá eingöngu sjá um slátt á svæðum sem eru véltæk sbr. það sem skýrt er frá undir liðnum íþróttar- og æskulýðsmál. Þá er gert ráð fyrir talsverðri lækkun styrkja til umhverfismála.

### **13 Atvinnumál.**

Lækkun er á kostnaði við málaflokkinn vegna lækkunar styrkja og vegna þess að samningur við ráðgjafafyrirtækið Alsýn rann út í lok desember 2008 eftir að honum var sagt upp af hálfu beggja aðila.

## **Fjárhagsáætlun 2009 – fyrri umræða**

Áfram er lagt mikið til þessa málaflokks vegna mikilvægis hans. Framlög til atvinnumála eru undir öðrum liðum t.d. málaflokki nr. 21 þar sem framlag til Atvinnuþróunarfélagsins er fært. Einnig undir menningarmálum þar sem framlag til Markaðsstofu Vestfjarða er fært.

### **20 Framlög til fyrirtækja í B-hluta.**

Framlög til fyrirtækja í B-hluta eru óbreytt á milli ára vegna þess að eftir er að endurskoða þennan rekstrarlið. Þetta hefur ekki áhrif á heildarniðurstöðu rekstrarins því framlögin sem færast til gjalda í A-hluta koma inn sem lækkun kostnaðar í B-hluta.

### **21 Sameiginlegur kostnaður.**

Rekstur þessa málaflokks lækkar milli ára. Gert er ráð fyrir lækkun nefndarlauna og launa stjórnenda o.fl. í samræmi við ramma um fjárhagsáætlun. Þá eru ýmis framlög og styrkir lækkuð. Reiknað er með hagræðingu og lækkun kerfisfræðiaðstoðar. Reiknað er með sömu fjárhæðum vegna greiðslu á eignarhlut í Lánasjóði sveitarfélaga og styrkjum frá Brunabótafélaginu eða samtals 45,1 m.kr.

Endurskoða þarf þennan rekstrarlið á milli umræðna, t.d. starfsmannakostnað o.fl.

### **22 Lífeyrisskuldbindingar.**

Míðað er óbreytta fjárhæð á milli ára. Ekki hefur verið leitað til tryggingastærðfræðings árlega vegna fjárhagsáætlunar heldur hefur verið talið nægjanlegt að fá útreikning á tveggja ára fresti. Töluverðar breytingar hafa á liðnum árum orðið á milli úttekta stærðfræðings bæði til hækkunar og lækkunar á milli tímabila.

### **28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.**

Málaflokkurinn breytist mjög til hins verra frá því að vera áætlaður jákvæður um 96 m.kr. í að vera neikvæður um 42 m.kr. Það athugist að vaxtatekjur vegna innri viðskipta eru innifaldar í fjárhæðinni.

### **31 Eignasjóður.**

Stærsta verkefnið í ár er Salthúsið á Þingeyri en reiknað er með að ljúka því verkefni. Síðan eru nokkur önnur verkefni s.s fullgerð á brunavörnum í Grunnskólanum á Ísafirði í eldri hluta skólans.

Stærsti hluti viðhaldsverkefna verður undir einni milljón. Forgangsröðun þessara verkefna verður ákveðin og lögð fram eftir samþykkt fjárhagsáætlunar.

Mikil breyting er á rekstri málaflokksins milli ára og helgast það af lægri framlögum til viðhalds en stærsta breytingin er vegna útreiknings á lánum þar sem reiknað er með gengishagnaði.

### **33 Þjónustustöð.**

Rekstur þessa málaflokks verður nær hinn sami og á árinu 2008 en endurskoða þarf fjárhæð millifærðar þjónustu milli umræðna.

Gert er ráð fyrir hagræðingu í þjónustustöð á árinu 2009 m.a. vegna fækkunar starfsfólks sökum aldurs.

### **41 Hafnarsjóður.**

Rekstur hafnarsjóðs er áætlaður betri en árið á undan. Óvissan er þó meiri en oft áður. Tekin hefur verið ákvörðun um aukning þorskvóta um 30 þús. tonn sem eykur tekjurnar en verð sjávarafurða hefur farið lækkandi þannig að það vegur á móti.



## Fjárhagsáætlun 2009 – fyrri umræða

Hafnir Ísafjarðarbæjar verða reknar áfram með svipuðu sniði og verið hefur. Þó er sú breyting að starfsmaður á skrifstofu sem einnig hefur sinnt starfi vigtarmanns sagði upp störfum á haustmánuðum og hefur ekki verið ráðið í það starf. Einnig lét starfsmaður á Flateyri af störfum haustið 2007 og ekki hefur heldur verið ráðið í það starf. Það sem til hefur fallið vegna þessara starfa hafa aðrir starfsmenn bætt á sig þeim störfum. Beðið verður með að ráða starfsmann inn á skrifstofu og vigtun og gert er ráð fyrir að óbreyttum forsendum verði það ekki gert árið 2009. Einnig má gera ráð fyrir að sleppa því að ráða afleysingamann til starfa sumarið 2009 og spara þar með það stöðugildi en þess í stað auka samstarf við vinnuskóla sem á síðasta ári gafst mjög vel. Þess ber samt að geta að álag á þá starfsmenn hafnarinnar sem sinna þeim störfum hefur aukist sem þessum stöðugildum nemur þó svo megi segja að umsvifin hafi minkað til dæmis á Flateyri. Þó hefur þjónusta vegna sjóstangveiðibáta komið að miklu leiti í staðinn og verið vaxandi sl. tvö ár.

Viðsnúningur virðist vera á Þingeyri þar sem einungis var landað 156 tonnum árið 2007 en löndun þar tók verulegan kipp á haustmánuðum 2008 þegar skip Vísis hf. hófu reglulega löndun þar aftur eftir langt hlé og hefur það aukið tekjur hafnarinnar á Þingeyri.

Aukning hefur einnig orðið á Flateyri sl. misseri og virðist sú uppbygging sem gerð var á rústum Kambs ehf. þegar Fiskvinnslan Eyraroddi var stofnuð ætla að takast og fer vel af stað þrátt fyrir ýmsar væringar í þjóðfélaginu og hefur bátur fyrirtækisins aflað vel sem og aðrir bátar á Flateyri. Sjávarútvegsráðuneytið hefur algerlega tekið fyrir að heimila okkur að framkvæma og koma upp fjarvigtunarbúnaði á Flateyri en um það var sótt á sl. ári og ýmsir embættismenn þar á bæ gefið smá von um að það yrði leyft. Ef það hefði orðið raunin hefði það létt verulega á allri vigtunarþjónustu á Flateyri sem og aukið öryggi og eftirlit með hafnarsvæðinu.

Á Suðureyri hafa aflabrögð verið svipuð og árin á undan þó bættist einn bátur í flotann og aukið aflamagn í samræmi við það. Einnig hefur uppbygging sjóstangveiðibáta verið í örum vexti sem og öll þjónusta við þá. Á síðastliðnu ári var Suðureyrarhöfn vottuð sem Bláfánahöfn sem er umhverfisvottun Landverndar og er það alþjóðleg vottun. Stefnt er að því að viðhalda þeirri vottun en hana þarf að endurnýja ár hvert. Til stóð að endurnýja stálþil á löndunarkanti á þessu ári en því frestað af kunnnum ástæðum. Enn fremur stóð til að dýpka innsiglingarrennuna á sl. ári en því einnig frestað.

Á Ísafirði hefur reksturinn verið svipaður og undanfarin ár. Rækjuverksmiðjan Kampi hefur verið í stöðugum rekstri og umsvif hafnarinnar aukist vegna þess. Þá hefur einnig rekstur Hraðfrystihúss Gunnvarar í Hnífsdal unnið úr öllu hráefni sem þeirra skip bera að landi. Skip félagsins Páll Pálsson og Stefnir hafa aflað vel þó svo að Stefnir landi að mestu í Reykjavík þá eru nokkrir túrar sem landað er á Ísafirði. Júlíus Geirmundsson hefur einnig fiskað vel og landað öllum sínum afla á Ísafirði og segja má að þetta séu grunnstoðirnar sem skapa höfninni rekstrartekjur og er þess vegna sú ákvörðun sjávarútvegsráðherra að auka þorskkvótann um 30 þúsund tonn mjög jákvæð og mun það vonandi skila sér í auknum tekjum. Útgerð smábáta hefur einnig verið í svipuðu horfi og undanfarin ár og aflabrögð svipuð og áður.

Komur skemmtiferðaskipa hefur verið í örum vexti undanfarin ár en 21 skip kom til Ísafjarðar árið 2008 en 29 skip eru skráð til hafnar sumarið 2009 sem er það mesta sem verið hefur hingað til. Höfnin hefur tekið þátt í alþjóðlegum ráðstefnum mörg undanfarin ár sem lið í að auka komu skemmtiferðaskipa.

## **Fjárhagsáætlun 2009 – fyrri umræða**

Nokkrar framkvæmdir standa fyrir dyrum á Ísafirði og þar hæst uppbygging olíuhafnar á Mávagarði. Stálið í þá framkvæmd kom í ágúst sl sem og stálið í endurbyggingar löndunarhafnar á Suðureyri og bíður betri tíma til framkvæmda.

Á árinu 2008 kom út merkileg skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um fjárhagsvanda hafna sem má nálgast á vef Siglingastofnunar. Skýrslan sýnir fram á að allar hafnir nema 3 á Íslandi eru reknar með tapi og flestar þeirra eiga í verulegum fjárhagserfiðleikum.

### **43 Vatnsveita.**

Rekstur vatnsveitu verður jákvæður á þessu ári og munar þar helst að ekki er gert ráð fyrir eins miklu viðhaldi á heimæðum eins og verið hefur undanfarin ár. Búið er að endurnýja mjög mikið af heimæðum sl. fjögur ár, aðallega vegna malbikunar gatna. Viðhald vatnsveitu verður því lítið á næsta ári.

### **53 Dvalarheimili.**

Á árinu 2008 voru ekki teknir inn nýir einstaklingar á þjónustudeild Hlífar fremur en árið á undan. Sjö einstaklingar eru búsettir þar núna en þar er pláss fyrir ellefu einstaklinga. Áfram verður unnið að undirbúningi byggingu hjúkunarheimilis en einnig að áframhaldandi eflingu heimaþjónustu og góðri samvinnu við heimahjúkrun.

### **57 Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf.**

Á árinu 2003 stofnaði Ísafjarðarbær nýtt eignarhaldsfélag, Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf, um félagslegar íbúðir sveitarfélagsins. Markmiðið var að afmarka málaflokkinn betur og ná betri rekstri og fækka íbúðum í eigu bæjarins. Hefur þetta að miklu leyti gengið eftir. Stefnt er að því að auka samstarf Fastís og Eignasjóðs og hagræða í rekstrinum árið 2009. Við það sparast a.m.k. eitt stöðugildi.

### **61 Fráveita**

Síðastliðin ár hefur verið unnið við nýja útrás og klæðningu lagna á Eyrinni sem mun skila sér á þessu ári og næstu árum. Búið er að ljúka verkinu en greiðslur dreifast á árin 2008-2010 skv. samningi. Mun minna hefur verið í hreinsun holræsa og viðgerða á Eyrinni þar sem klæðningu er lokið. Mikilvægt er að halda áfram að klæða lagnir þegar ástandið í efnahagsmálunum lagast. Þessar framkvæmdir skila sér strax í minna viðhaldi.

### **63 Funi.**

Gert er ráð fyrir hækkun á rekstrarkostnaði Funa, munar þar helst um hækkun launa og viðhald búnaðar í Funa. Vonast er til að starfshópur skili tillögum af sér um breytingar í sormálum í byrjun febrúar með það að markmiði að lækka kostnað við sorphirðu og sorpeyðingu á Vestfjörðum.

## **IV. Sjóðsstreymi.**

Í frumvarpinu er birt yfirlit sjóðsstreymis bæjarsjóðs og stofnana hans. Sjá má sjóðsstreymi einstakra stofnana en í sjóðsstreymi samstæðu sést að veltufé frá rekstri er áætlað jákvætt um 257 m.kr., að teknu tilliti til þess að reiknaðir liðir, afskriftir, breyting áfallinna lífeyrisskuldbindinga, verðbætur og gengismunur, hafa verið dregnir frá.

Afborganir langtímalána eru áætlaðar 245 m.kr. en fjárfestingar eru ekki ákveðnar á þessu stigi. Reikna má með að fjárfestingarliður komi inn við síðari umræðu en ekki verður það há fjárhæð sökum aðstæðna.

## **Fjárhagsáætlun 2009 – fyrri umræða**

Gert er ráð fyrir að bæjarsjóður taki ný langtímalán að upphæð 200 m.kr. og lækki skammtímaskuldir um 200 m.kr. verði frumvarp þetta að endanlegri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

### **Eftirmáli.**

Rekstrarspá, hvað þá ársreikningur fyrir árið 2008 liggur ekki enn fyrir. Það er hins vegar ljóst að árið 2008 verður ekki í neinu samræmi við fjárhagsáætlun af nokkrum ástæðum. Stærsta ástæðan er verðbólga langt umfram það sem áætlað var og gríðarleg veiking krónunnar sem þýðir mikla hækkun erlendra lána með tilheyrandi gengistapi. Þá eru stýrivextir 18%. Efnahagskerfi þjóðarinnar er í miklum vanda og fer Ísafjarðarbær ekki varhluta af því.

Það er því í miklu óvissuástandi sem þetta frumvarp til fjárhagsáætlunar er lagt fram af bæjarráði til bæjarstjórnar. Endurskoðun á 3ja mánaða fresti er nauðsynleg og kröftugt aðhald við reksturinn er það ekki síður.

Ekki fylgir yfirlit yfir framkvæmdir í frumvarpi þessu enda ekki reiknað með miklum fjárfestingum á árinu 2009. Hins vegar þarf að reikna með mótframlagi vegna þeirra verkefna sem hægt verður að vinna á árinu á móti ríkinu. Dæmi um slíkt eru hafnarmál og snjóflóðavarnir. Bæjartæknifræðingur mun skila yfirliti yfir fjárfestingar á milli umræðna.

Ísafjarðarbæ, 22. janúar 2009  
Halldór Halldórsson  
- bæjarstjóri -